

Hekluskógar
14 243

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Hekluskógar

Kt. 500907-0530

Austurvegur 1-3, 800 Selfoss

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hekluskógar er ríkisaðili í A-hluta sem hefur það að hlutverki að endurheimta birkiskóga og víðikjarr í nágrenni Heklu sem minnka myndu vikurfök í kjölfar gjóskugosa úr eldfjallinu. Verja þar með lönd í nágrenni fjallsins fyrir jarðvegseyðingu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 32,1 milljónir og afkoma kr. -3,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -10,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hekluskóga í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hekluskóga fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Hrönn Guðmundsdóttir,
verkefnastjóri Hekluskóga

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	31.300.000	31.500.000
Seld þjónusta		0	4.368.390
Framlög og ýmsar tekjur	3	10.176	774.434
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	825.321	848.007
Tekjur samtals		<u>32.135.497</u>	<u>37.490.831</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	5.226.400	5.772.739
Annar rekstrarkostnaður	5	29.203.790	36.581.444
Afskriftir	6	825.321	848.007
Gjöld samtals		<u>35.255.511</u>	<u>43.202.190</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(3.120.014)	(5.711.359)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(18.704)</u>	<u>(10.493)</u>
		(18.704)	(10.493)
Afkoma ársins		<u><u>(3.138.718)</u></u>	<u><u>(5.721.852)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		510.545	27
Farartæki og vélar		3.327.410	4.075.698
Fastafjármunir samtals		<u>3.837.955</u>	<u>4.075.725</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	8	0	4.368.390
Handbært fé		19.810	109.013
Veltufjármunir samtals		<u>19.810</u>	<u>4.477.403</u>
Eignir samtals		<u>3.857.765</u>	<u>8.553.128</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Hrein eign		(10.837.068)	(7.698.350)
Eigið fé samtals		<u>(10.837.068)</u>	<u>(7.698.350)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	8.005.473	10.244.740
Viðskiptaskuldir		3.162.773	1.645.996
Ýmsar skammtímaskuldir	10	406.755	415.589
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	3.119.832	3.945.153
Skuldir samtals		<u>14.694.833</u>	<u>16.251.478</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.857.765</u>	<u>8.553.128</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(3.138.718)	(5.721.852)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	825.321	848.007
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(825.321)	(848.007)
		<u>(3.138.718)</u>	<u>(5.721.852)</u>
Tengdir aðilar		1.541.572	5.425.837
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		1.507.943	(2.047.653)
		<u>3.049.515</u>	<u>3.378.184</u>
		<u>(89.203)</u>	<u>(2.343.668)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(587.551)	0
		<u>(587.551)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		587.551	0
		<u>587.551</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(89.203)	(2.343.668)
Handbært fé í byrjun árs		109.013	2.452.681
Handbært fé í árslok		<u>19.810</u>	<u>109.013</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-14 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	31.300.000	31.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	825.321	848.007
	<u>32.125.321</u>	<u>32.348.007</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	31.300.000	0	0	31.300.000
Fjárveiting til tekna	31.300.000	0	0	31.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(34.438.718)	0	0	(34.438.718)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(3.138.718)	0	0	(3.138.718)

	2020	2019
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	669.208
Ýmsar tekjur	10.176	105.226
	<u>10.176</u>	<u>774.434</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	4.131.549	4.580.801
Orlof, breyting	62.762	27.282
Launatengd gjöld	1.032.089	1.164.656
	<u>5.226.400</u>	<u>5.772.739</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	0,5	0,5

Skýringar

	2020	2019	
5 Annar rekstrarkostnaður			
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	14.880	9.800	
Ýmis tæki og áhöld	0	210.180	
Varahlutir og viðhaldsvörur	6.589	0	
Orkugjafar	481.355	500.710	
Almennar rekstrarvörur	0	1.916	
Vörukaup, almenn	502.824	722.606	
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar	16.133.495	19.769.612	
Vörukaup, sérgreind	16.133.495	19.769.612	
Fundir, námskeið, risna	79.500	46.935	
Ferðir, uppihald	0	72.350	
Akstur	220.557	90.510	
Sérfræðiþjónusta	0	83.082	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	15.531	4.053	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	12.276	11.160	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	0	17.415	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	327.864	325.505	
Afnotagjöld	190.770	188.440	
Notkun véla og flutningatækja	3.136.555	147.560	
Verkkaup	8.060.281	14.504.982	
Tryggingar, lögboðnar	265.371	251.207	
Opinber gjöld	32.530	74.562	
Tilfærslur	554.100	596.970	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	12.239.607	15.763.721	
Annar rekstrarkostnaður samtals	29.203.790	36.581.444	
6 Afskriftir			
Áhöld, tæki og búnaður	77.033	99.719	
Farartæki og vélar	748.288	748.288	
	825.321	848.007	
	31.12.2020	31.12.2019	
7 Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	510.545	27	
Farartæki og vélar	3.327.410	4.075.698	
	3.837.955	4.075.725	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2020	299.172	7.921.319	8.220.491
Viðbætur á árinu	587.551	0	587.551
	886.723	7.921.319	8.808.042
Afskriftir 1.1.2020	299.145	3.845.621	4.144.766
Afskrift ársins	77.033	748.288	825.321
	376.178	4.593.909	4.970.087
Staða 31.12.2020	510.545	3.327.410	3.837.955

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
8 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	4.368.390
	<u>0</u>	<u>4.368.390</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	8.005.473	10.208.840
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	35.900
	<u>8.005.473</u>	<u>10.244.740</u>

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(7.698.350)	(1.976.498)
Afkoma ársins	<u>(3.138.718)</u>	<u>(5.721.852)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(10.837.068)</u>	<u>(7.698.350)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
10 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	406.755	343.993
Ógreidd laun	0	41.230
Önnur ógreidd gjöld	0	30.366
	<u>406.755</u>	<u>415.589</u>

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	3.837.955	4.075.725
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	<u>(718.123)</u>	<u>(130.572)</u>
	<u>3.119.832</u>	<u>3.945.153</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	4.075.725	(130.572)	3.945.153
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	0	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	587.551	(587.551)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(825.321)</u>	<u>0</u>	<u>(825.321)</u>
	<u>3.837.955</u>	<u>(718.123)</u>	<u>3.119.832</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,9 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga vegna plöntu- og áburðarkaupa og ótímabundin þjónustusamning vegna hugbúnaðar. Árlegar greiðslur vegna plöntu- og áburðarkaupa nema 13,5 milljónum kr. og vegna hugbúnaðar 0,2 milljónum kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.